

Alþingi
Erindi nr. P 139/627
komudagur 2.12.2010



Umsagnarbeiðni 7277
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 1.12.2010
Tilvísun: 201012-2513

Efni: Umsögn vegna frumvarps til breytingar á lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík (SSR) vill koma með eftirfarandi ábendingar um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, mál 256, þingskjal 298:

1. Með brottfalli á VII. kafla um framkvæmd þjónustunnar eru verkefni þau sem svæðisskrifstofur hafa sinnt færð á hendur sveitarfélaga. Að okkar mati kemur ekki nægilega skýrt fram að meðal þeirra verkefna sé mat á umönnunabörf fatlaðra barna og hvort ekki sé rétt að nefna það sérstaklega í nýju lögnum.
2. Í VIII. kafla er fjallað um að veita skuli fötluðum liðveislu og frekari liðveislu. Í X. kafla er síðan fjallað um sérstaka liðveislu fyrir fatlaða fólk á vinnustað. Óheppilegt hefur reynst að nota orðið liðveisla í svo mörgum merkingum. Lagt er til að fundið verði skýrara orðalag til að aðgreina þessa þjónustu, til dæmis félagslega liðveislu þegar rætt er um félagslegan stuðning við að rjúfa elnangrun, aðstoð í búsetu þegar rætt er um félagslegan stuðning á heimili fólks og stuðning á vinnustað þegar rætt er um félagslegan stuðning á vinnustað.
3. Í XIII. kafla um fjármögnun og rekstur er í fyrstu málsgrein fjallað um að sveitarfélög standi að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlaða með framlögum til stofnkostnaðar. Ekki kemur nægilega skýrt fram hvaða stofnanir hér er um að ræða eða hvort hér sé einnig átt við stofnkostnað vegna húsnæðisúræða.

Virðingarfyllt, f. l. SSR

Hröðný Garðarsdóttir, engill framkvæmdastjóra